



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella**

Selfossi, 1. október 2024
2403055HS SHJ

Efni: Aðalsel, Háasel, Mósel, Sel og Vestursel, nr. 0248/2024 - Umsögn um tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Þann 15. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Rangárþingi ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir lóðirnar Aðalsel L235159, Háasel L220358, Mósel L224132, Sel L202401 og Vestursel L235160 í landi Efra-Sels í Rangárþingi ytra.

Felst aðalskipulagsbreytingin í því að landnotkun á 5 lóðum sem ná yfir samtals 17,6 ha svæði er breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði. Frístundabyggð F29 minnkar samsvarandi og lóðum fækkar úr 34 í 29.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi